



Fundur í sveitarstjórn

52. fundur sveitarstjórnar Langanesbyggðar haldinn í Þórsveri, Þórshöfn, mánudaginn 26. september 2016 og hófst kl 17:04.

Mætt voru: Hulda Kristín Baldursdóttir, Þorsteinn Ægir Egilsson, Gréta Bergrún Jóhannesdóttir, Heiðrún Óladóttir, Siggeir Stefánsson, Halldóra Jóhanna Friðbergisdóttir, Karl Ásberg Steinsson, Elías Pétursson og Nína Björg Sæmundsdóttir sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð. Svo var ekki.

Dagskrá:

- 1. Fundargerð 29. fundar stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga, dags. 5. sept. 2016.**

Lögð fram til kynningar.

- 2. Fundargerð 842. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 2. sept. 2016.**

Lögð fram til kynningar.

- 3. Fundargerð stjórnar dvalarheimilisins Nausts, dags 6. sept. 2016.**

Lögð fram til kynningar.

- 4. Fundargerð 1. fundar nýrrar velferðarnefndar dags. 14. sept. 2016.**

Liður 4. Jafnréttisáætlun.

Jafnréttisáætlun verður send á þau félög sem þiggja styrk.

Bókun: Sveitarstjórn vísar ósk nefndarinnar um fjárheimildir til komandi fjárhagsáætlunargerðar.

Samþykkt samhljóða.

Liður 6a. Fundargerð 3. fundar velferðarnefndar dags., 18. nóv. 2015.

Þann 26. nóv. 2015 fjallaði sveitarstjórn Langanesbyggðar um fundargerð Velferðarnefndar frá 18. nóv. 2015, á þeim fundi var skrifstofu sveitarfélagsins falið að taka saman minnisblað um þjónustu við eldri borgara í sveitarfélaginu og auglýsa eftir starfsmanni til að sjá um félagsstarf eldri borgara. Báðum þessum verkefnum er lokið. Ráðinn hefur verið starfsmaður sem sér um starf eldri borgara. Starfið er undir umsjá forsvarsmanna Dvalarheimilisins Nausts og sinnir starfsmaðurinn því í um það bil 6 klst. á viku. Minnisblað var tekið saman um þjónustu við eldri borgara. Aðrir punktar er fram komu í fundargerð Velferðarnefndar sem vísað er til hér að ofan hafa ýmist komist í framkvæmd eða ekki, en allir



LANGANESBYGGÐ

hafa þeir verið skoðaðir.

Liður 6c Tómstundafulltrúi.

Unnið er að ráðningu á umsjónarmanneskju fyrir Svartholið.

Liður 6e. Fulltrúi Svalbarðshrepps.

Oddviti Svalbarðshrepps gaf upp aðila sem yrðu í nefndinni. Viðkomandi aðili var boðaður á fund Velferðarnefndar.

Aðrir liðir lagðir fram til kynningar.

5. Fundargerð 10. fundar Hafnarnefndar Langanesbyggðar, dags. 9. sept. 2016.

Liður 1. Rekstur Langaneshafna fyrstu sex mánuði ársins

Á fundinum fór hafnarstjóri yfir rekstur hafna fyrstu sex mánuði 2016, rekstur er ekki að standast áætlun sérstaklega hvað varðar tekjur. Meginástæða fráviks er að landaður afli fyrstu sex mánuði var innan við 10% þess afla sem landað hafði verið á sama tímabili 2015. Frá árinu 2000 hefur ekkert ár verið lakara hvað varðar landaðann afla en fyrstu sex mánuðir 2016. Tekjur hafnarinnar á Þórshöfn eru 29,4 milljónum lægri fyrstu sex mánuði ársins en áætlun gerði ráð fyrir.

Aðrir liðir lagðir fram til kynningar.

6. Fundargerð 14. fundar Landbúnaðarnefndar Langanesbyggðar, dags, 14. sept. 2016.

Liður 1 Hlutfjáraukning í Fjallalambi – erindi frá sveitarstjórn Langanesbyggðar.

Bókun: Sveitarstjóra falið að ganga frá málinu

4 samþykkir, Halldóra Jóhanna, Karl Ásberg og Siggeir sitja hjá.

Aðrir liðir lagðir fram til kynningar.

7. Fundargerð 21. fundar Fræðslunefndar Langanesbyggðar, dags, 8. sept. 2016.

Liður 4 Mennta- og menningarmálaráðuneytið, Eftirfylgniúttekt í Grunnskólanum á Þórshöfn

Árið 2011 lét Mennta- og menningarmálaráðuneytið gera frumkvæðisúttekt á starfssemi Grunnskólans á Þórshöfn. Í kjölfar hennar skilaði sveitarstjóri/fræðslunefnd/skólinn umbótaáætlun til ráðuneytisins sem síðan hefur fylgst með framgangi mála. Í apríl 2016 gerðu fulltrúar ráðuneytisins úttekt á árangri og stöðu verkefnisins. Í umræddri skýrslu kemur fram að margt hafi áunnist í skólastarfinu síðan 2011, meiri ánægja sé með stjórnun, betri skólabragur og betri samskipti bæði innan skóla sem utan. Þrátt fyrir það telja matsaðilar að áfram þurfi að vinna að umbótum í skólanum og leggja fram ýmsar tillögur þess efnis.

Ráðuneytið óskar með bréfi dags. 6. sept. 2014 eftir því að sveitarstjóri



LANGANESBYGGÐ

sendi ráðuneytinu tímasetta áætlun um hvernig verði brugðist við þeim tillögum og ábendingum sem fram koma í fyrrgreindri skýrslu. Ásamt og að gera grein fyrir því hvernig sveitarstjórn Langanesbyggðar hyggist styðja við umbótastarf í skólanum og fylgja því eftir.

Bókun: Sveitarstjóra er falið að vinna tímasetta áætlun er varðar áframhaldandi umbótastarf í Grunnskólanum á Þórshöfn. Unnið skal út frá tillögum og ábendingum er koma fram í skýrslu og í nánu samstarfi við skólaráðgjafa, fræðslusvið, skólastjóra og aðra sem að málefnum koma.

Samþykkt samhljóða.

Aðrir liðir lagðir fram til kynningar.

8. Fundargerð samstarfshóps um Finnaþjóðarverkefnið og landeigenda í Finnaþjóði, dags. 14. sept. 2016.

Lagðir eru fram minnisþingfundar samstarfshóps Langanesbyggðar og Vopnaþjóðarhrepps um Finnaþjóðarverkefnið dags 2. sept. 2016 og fundargerð fundar með landeigendum dags 14 sept. 2016.

Dagana 13. til 15. september sóttu fulltrúar bremenports GmbH & Co. KG og fulltrúi EFLU Verkfræðistofu okkur heim. Haldnir voru opnir íbúafundir bæði í Langanesbyggð og á Vopnaþjóði, fundað var sameiginlega með sveitarstjórnnum og fundað með landeigendum sem eiga jarðir á hugsanlegu hafnarsvæði. Einnig fundaði samráðsnefnd sveitarfélaganna með þeim.

Fundir voru upplýsandi og var mæting á opna fundi með ágætum. Fulltrúar bremenports fóru yfir stöðu verkefnis og hugmyndir þeirra um framgang þess. Í haust mun sérstök heimasíða verkefnisins verða sett í loftið, á heimasíðunni verða ýmsar upplýsingar, er varða verkefnið, gerðar öllum aðgengilegar.

Öllum þeim er eiga hlut í landi sem er á hugsanlegu hafnarsvæði verður send fundargerð fundarins með landeigendum.

Í lok heimsóknar fundaði sveitarstjóri með gestum og var farið yfir nýhaldna fundi og næstu skref er varða framgang mála sem tilgreind eru í viljayfirlýsingu aðila frá í vetur.

Í kjölfar heimsóknar fulltrúa bremenports funduðu sveitarstjórar beggja sveitarfélaga með ráðuneytisstjóra Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins. Fundarefni var að fara yfir mál og ræða næstu skref byggð á undirritaðri viljayfirlýsingu aðila.

Framundan er Arctic Circle ráðstefnan, bremenports hafa óskað viðveru sveitarstjóra beggja sveitarfélaga og þátttöku sveitarstjóra Langanesbyggðar í pallborði á hliðarfundi (e. break out session). Vel hefur verið tekið í þá málaleitan og hafa sveitarstjórar fundað vegna málsins.

9. Eyþing – skipan fulltrúa Langanesbyggðar.

Þar sem Hilma Steinarsdóttir hefur vegna brottflutnings látið af störfum í sveitarstjórn þá þarf að skipa nýjan fulltrúa í Eyþing. Henni eru þökkuð góð störf í þágu sveitarfélagsins.



LANGANESBYGGÐ

Bókun: Sveitarstjórn skipar Elías Pétursson sem aðalfulltrúa sveitarfélagsins í hennar stað.

4 samþykkir, Halldóra Jóhanna, Karl Ásberg og Siggeir á móti.

10. Innsent erindi - ósk um lausn frá störfum í sveitarstjórn og sem starfandi formaður fræðslunefndar.

Dagrún Þórisdóttir hefur óskað lausnar frá störfum í sveitarstjórn og fræðslunefnd.

Bókun: Sveitarstjórn samþykkir lausnarbeiðni Dagrúnar og þakkar henni vel unnin störf í þágu sveitarfélagsins.

4 samþykkir, Halldóra Jóhanna, Karl Ásberg og Siggeir sitja hjá.

11. Alþingiskosningar 2016 – utankjörfundaratkvæðagreiðsla.

Í aðdraganda forsetakosninga 25. júní s.l. áttu sýslumenn og sveitarfélög víða um land með sér samstarf um framkvæmd atkvæðagreiðslu utan kjörfundar. Fólst samstarfið í því að sveitarfélögin önnuðust framkvæmd atkvæðagreiðslunnar í umboði og á ábyrgð viðkomandi sýslumanns.

Fram eru komin tilmæli og óskir ráðuneytis, sýslumanns og Sambands íslenskra sveitarfélaga um áframhald verkefnisins fram yfir næstu alþingiskosningar. Með því fáist aukin reynsla af framkvæmd sem og svigrúm til að vinna úr henni, auk þess sem kjósendum verði þannig tryggð sambærilegt þjónustustig og við forsetakosningar.

Bókun: Sveitarstjórn felur skrifstofu að sjá um framkvæmd utankjörfundaratkvæðagreiðslu vegna komandi alþingiskosninga með sambærilegum hætti og gert var í forsetakosningu.

Samþykkt samhljóða.

12. Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið – byggðakvóti fiskveiðiaríð 2016/2017.

Fram er lagt bréf frá Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu dags 6. sept. 2016, með bréfinu er Langanesbyggð gefinn kostur á að sækja um byggðakvóta vegna fiskveiðiaríðsins 2016/2017 á grundvelli 10.gr laga nr. 116/2016, með síðari breytingum. Einnig er í bréfinu bent á að ráðuneytið hafi nýlega gefið út reglugerð um úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga á fiskveiðiaríðinu 2016/2017, nr. 640, og nr. 641 8. júlí 2016 og eru sveitarstjórnarmenn hvattir til að kynna sér innihald þeirra.

Byggðakvóti sá sem nú er til úthlutunar er 496 tonnum minni en fiskveiðiaríð 2015/2016.

Bókun: Sveitarstjóra er falið að sækja um byggðakvóta með sama hætti og áður.

4 samþykkir, Halldóra Jóhanna, Karl Ásberg og Siggeir sitja hjá.

13. Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála – kæra tímabundinna undanþágu frá starfsleyfi fyrir notkun urðunarsvæðis við Bakkafjörð.

LANGANESBYGGÐ



Lagt fram til kynningar.

Úrskurðarnefnd hefur verið svarað og verður svarbréf sent á sveitarstjórn.

14. Vátryggingar – niðurstöður verðkönnunar.

Lagt er fram minnisblað og gögn vegna verðkönnunar á vátryggingaþjónustu. Um komandi áramót mun samningur sveitarfélagsins vegna vátrygginga renna út, með hliðsjón af því var ákveðið að gera verðkönnun. Til verksins var fenginn viðurkenndur vátryggingarmiðlari og voru öllum tryggingarfélögum send gögn. Samkvæmt verðkönnunargögnum þá mun nást fram lækkun á vátryggingarkostnaði. Lægsta tilboð telst uppfylla alla skilmála og vera sveitarfélaginu hagstætt.

Bókun: Sveitarstjórn felur sveitarstjóra að ganga til samninga við lægstbjóðanda á grunni framlagðra gagna.

4 samþykki, Halldóra Jóhanna, Karl Ásberg og Siggeir sitja hjá.

15. Sorphirða – staða mála kynnt.

Frá síðast fundi sveitarstjórnar hefur verið unnið að frekar framgagnni máls og eru hér lögð fram frumdrög að samningi um sorphirðu. Minnisblað unnið af EFLU Verkfræðistofu er varðar jarðgerð (moltu) lífræns úrgagns verður sent á sveitarstjórn ásamt og leiðbeiningum frá Matvælastofnun er varða skilyrði fyrir moltugerð úr dýraafurðum.

Sveitarstjórn er hér með gefinn kostur á að yfirfara ofangreind gögn og koma með spurningar og ábendingar, tími til yfirferðar er afmarkaður við eina viku frá fundi þessum.

Stefnt er að því að endanleg samningsdrög verði lögð fyrir næsta reglulega fund sveitarstjórnar.

16. Eignasjóður – staða framkvæmda og fjármögnun.

Eins og fram hefur komið áður þá reyndust framkvæmdir við Grunnskólann á Þórshöfn töluvert umfangsmeiri en vonir og áætlanir gerðu ráð fyrir. Mygla reyndist mun útbreiddari en rannsóknir í vetur bentu til, ílögn í gólfum reyndist ónýtt, hitalagnir ónýtar, endurnýja þurfti lagnastofna, raflagnir endurnýjaðar, þríf mjög umfangsmikil og fleira sem mætti taka til. Föstudaginn 23. september 2016 var bókaður kostnaður vegna verksins kominn lítilllega yfir 100 milljónir. Unnið er að greiningu á þeim kostnaði ásamt og að vinna áætlun um endanlega útkomu.

Lagt er til að leitað verði til Lánasjóðs íslenskra sveitarfélaga um fjármögnun á auknu umfangi verks og loftræstikerfis, drög að lánasamningi og greining kostnaðar verði lögð fyrir næsta reglulega fund sveitarstjórnar.

Bókun: Sveitarstjórn veitir sveitarstjóra heimild til semja um fjármögnun byggt á áður gerðum bókunum og greiningu kostnaðar. Gögn skulu lögð fyrir næsta reglulega fund sveitarstjórnar til samþykktar.

4 samþykki, Halldóra Jóhanna, Karl Ásberg og Siggeir sitja hjá.

17. Viðauki 3 við fjárhagsáætlun 2016.



LANGANESBYGGÐ

Fram er lagður viðauki nr. 3 með fylgiskjölum, viðaukinn er lagður fram m.a. í samræmi við bókanir á fundi sveitarstjórnar þann 1. sept. 2016.

Breytingar á fjárfestingu:

- A. Nýttur verði forkaupsréttur á hlut í Fjallalambi ehf. Um er að ræða 53,4% aukningu hlutafjár. Hluttur Langanesbyggðar nemur kr. 529.270.- að nafnverði.
- B. Framlag til Fjarskiptafélags Svalbarðshrepps kr. 1.500 þús. kr. í formi hlutafjár.
- C. Aðkeypt ráðgjöf vegna frumhönnunar á ljósleiðarakerfi, áætlaður kostnaður 1.200 þús. kr.
- D. Loftræstikerfi í Grunnskólanum á Þórshöfn, áætlaður kostnaður 12.993.000.-

Framangreindar fjárfestingar verða fjármagnað með handbæru fé. Handbært fé í árslok mun lækka um 16,2 millj. kr. og verða 11,8 millj. kr.

Breytingar á tekjuliðum: Engar.

Breytingar á gjöldum: Engar.

Rekstrarniðurstaða: Óbreytt frá viðauka 2 eða sem nemur 27,7 millj. kr.

Bókun: Sveitarstjórn Langanesbyggðar samþykkir ofangreindann viðauka.

4 samþykkir, Halldóra Jóhanna, Karl Ásberg og Siggeir sitja hjá.

18. Skýrsla sveitarstjóra.

Undanfarnar vikur hafa verið annasamar hjá sveitarstjóra og skrifstofu, helstu verkefni hafa verið heimsókn forsvarsmanna bremenports, undirbúningur vegna aðalfundar Eypings, vinna við útkomuspá og núna síðast Fjármálaráðstefna Sambands íslenskra sveitarfélaga. Ráðstefna sú var að venju fróðleg og upplýsandi ásamt og að innihalda ýmsa fundi samtaka innan sveitarfélagageirans. Fyrir utan að sitja ráðstefnuna þá sótti sveitarstjóri aðalfundi Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum og sjávarútvegssveitarfélaga.

Samtal hefur átt sér stað milli sveitarstjóra og sérfræðinga er varðar umsókn um styrk hjá Orkusjóði samanber lið 8 á dagskrá síðasta fundar sveitarstjórnar. Að ráði þeirra þá var ákveðið að sækja um vegna orkusparandi aðgerða í skóla og íþróttahúsi. Einnig er verið að leita leiða til að sækja styrki vegna fýsileika athugunar á lagningu hitaveitu úr Öxafirði. Þar er talið heppilegast að sækja um styrk í rannsóknasjóð Rannís núna í febrúar og fá nemanda í verkfræði eða tæknifræði til að vinna grunnvinnu og undirbyggja hönnun í sumarvinnu varðandi t.d. efnisval, legu hitaveitulagnar o.s.frv.

Einnig hefur verið á borðum sveitarstjóra verkefni fylgjandi upphafi skólaárs og ýmislegt annað tilfallandi.

Að lokum skal þess getið að stjórn Eypings hefur ákveðið að fresta aðalfundi



LANGANESBYGGÐ

sem halda átti hér á Þórshöfn, frestun er vegna fyrirsjáanlegrar ónógrar þátttöku. Tilkynning þessa efnis barst sveitarstjóra undir hádegi í dag, áætlað er að halda aðalfundinn í fyrrihluta nóvember.

19. Erindi frá U-lista, Hefur Langanesbyggð fengið úthlutað úr styrkvegasjóði fyrir árið 2016.

Bókun meirihluta: Langanesbyggð fékk úthlutun úr svokölluðum Styrkvegasjóði Vegagerðarinnar vegna ársins 2016. Þar sem ekki tókst að vinna allar framkvæmdir sem fyrirhugaðar voru í fyrra út á nesi, og vegna þess að fé fékkst til vegabóta frá Framkvæmdasjóði ferðamannastaða, var ákveðið að leggja áherslu á að nýta allt fjármagn til vegabóta á því svæði. Þetta var gert með það í huga að fjármagn nýttist best með þessum hætti og að með því skapaðist svigrúm til framkvæmda annarsstaðar á næstu árum.

U-listinn óskar eftir 5 mínútna fundarhléi kl. 18:09. Fundarhlé veitt.

Fundur settur aftur 18:11.

Bókun U-lista: Langanesbyggð fær á hverju ári úthlutað fjármagn úr Styrkvegasjóði og hefur sveitarstjórn óskað eftir umsögn nefnda sveitarfélagsins til að tryggja að ráðstöfunin verði með sem farsælustum hætti. U-listinn hvarf að úthlutun þessa fjármagn hafi ekki komið til umsagnar fyrir nefndir sveitarfélagsins og einnig er afar slæmt að mati U-lista að ráðstöfun fjársins skuli ekki lengur vera á hendi sveitarstjórnar.

Oddviti tekur 10 mínútna fundarhlé kl. 18:13.

Fundur settur aftur 18:27.

Bókun meirihluta: Meirihluti sveitarstjórnar áréttar bókun meirihluta hér að ofan og leggur á það áherslu að ráðstöfun fjár þess er úthlutað var hafi verið rétt ákvörðun á þeim tíma. Meirihluti sveitarstjórnar er sammála um að betur hefði mátt standa að upplýsingagjöf.

20. Erindi frá U-lista, Urðunarmál í Langanesbyggð.

A Hver er staða á endurnýjun sammings við Íslenska gámafélagið.

B. Moltugerð, hver er staða athugunar á mögulegri moltugerð.

C. Óskum eftir upplýsingum um hve mikið magn er urðað frá Langanesbyggð á Vopnafirði, hver er kostnaður Langanesbyggðar við að urða á Vopnafirði, Hve mikið magn fer í burtu með grænu tunnunum, hver fær greiðslur frá úrvinnslusjóði og hvað er það mikið, hverjar eru tekjur versus gjöld í heild.

Hvað varðar liði A og B er vísað til liðar 15. Sorphirða – staða mála kynnt.

Hvað varðar lið C þá hefur tekist að draga saman þær upplýsingar að um miðjan september var búið að urða um það bil 250 tonn á Vopnafirði. Samkvæmt greiningu þá virðist sem heimilssorp sé um það bil 1/3 þess magns og afgangurinn sé fyrirtækjasorp, það er sorp frá fyrirtækjum og stofnunum sveitarfélagsins. Ekki hafa borist upplýsingar varðandi hversu



LANGANESBYGGÐ

mikið magn fer í burtu með grænum tunnum.

Heildargreiðslur sem sveitarfélaginu hafa borist frá Úrvinnslusjóði eru 35.250 kr. og fyrirtækið sem sér um förgunina fyrir hönd sveitarfélagsins fær greiðslurnar samkvæmt verksamningi þar um.

Ekki hefur unnist tími til frekari kostnaðargreininga.

21. Erindi frá U-lista, hver er kostnaður við skróðgarð í sumar og hver er staða verkefnisins.

Í vor var tekin ákvörðun um að ráðast í lagfæringar á skróðgarði sveitarfélagsins, þetta var gert í ljósi óásættanlegs ástands og langvarandi vanhírðu. Sveitarstjóri samþykkti þá tillögu forstöðumanns áhaldahúss þess efnis að fá fagmenn til að hefja úrbætur og nýta starfsmenn sveitarfélagsins eftir föngum. Heimiluð voru útgjöld að fjárhæð u.þ.b. 1 til 1,2. milljónir, í sumar var svo ákveðið að halda áfram við verkefnið og heimiluð útgjöld til viðbótar að fjárhæð 350 til 500 þúsund, sú ákvörðun var m.a. tekin til að afla Veraldarvinnum verkefna. Samtals voru því heimilaðar 1.350 til 1.700 þúsund í verkefnið. Eins og áður hefur komið fram þá var meiningin að fjármagna umræddar lagfæringar með tilfærslu milli lykla í bókhaldi innan deildarinnar.

Komið hefur í ljós að verkið fór verulega fram úr áætlun og er heildarkostnaður að frádregnum styrkjum 4,6 milljónir króna. Sveitarstjóra þykir mjög leitt að þessi framúrkeyrsla hafi átt sér stað og hefur hann rætt það við hlutaðeigandi deildarstjóra með það fyrir augum að annað eins endurtaki sig ekki. Einnig hefur verið gripið til ákveðinna aðhaldsaðgerða með það fyrir augum að takast á við umrædda framúrkeyrslu.

Verkefnið er mjög langt komið og ekki verður framhjá því horft að skróðgarðurinn hefur sjaldan verið fallestri.

Þorsteinn Ægir Egilson og Karl Ásberg Steinsson yfirgáfu fund vegna útkalls kl. 18:53.

U-listinn óskar eftir fundarhléi kl. 18:54.

Fundur settur aftur 18:56.

Bókun U-lista: U-listinn leggur áherslu á að framkvæmdir sem þessar verða teknar fyrir í sveitarstjórn.

22. Erindi frá U-lista, Aðkoma Byggðastofnunar að atvinnumálum á Bakkafirði. Byggðastofnun fundaði með sveitarstjórn Langanesbyggðar 9. september. Hvert er næsta skref í aðkomu þeirra að málefnum Bakkafjarðar.

Bókun meirihluta: Eins og fulltrúum U-lista er fullkunnugt um, eftir að hafa setið umræddan fund með fulltrúum Byggðastofnunar, framkvæmdarstjóra Atvinnuþróunarfélags Þingeyinga og öðrum aðilum sveitarstjórnar Langanesbyggðar, þá var efni þess fundar að ræða málefni Langanesbyggðar almennt. Þetta kom skýrt fram bæði í fundarboði og einnig á fundinum. Næstu skref eru frekari viðræður við fulltrúa



LANGANESBYGGÐ

Byggðastofnunar um aðkomu þeirra að framtíðarstefnumótun er varðar atvinnu uppbyggingu sveitarfélagsins.

Halldór Stefánsson tekur sæti Þorsteins Ægis Egilssonar kl. 19:04.

Bókun U-lista: Það kom skýrt fram hjá U-listanum á fundi með Byggðastofnun þann 9. september síðastliðinn áhyggjur okkar vegna stöðu mála á Bakkafirði. Það er lífsspursmál fyrir atvinnulíf á Bakkafirði að unnið verði hratt og vel í málefnum Bakkafjarðar svo þeirri þróun sem hefur verið undanfarin ár, verði snúið við. Það er mat U-listans að tilkoma meiri aflaheimilda í formi sértæks byggðakvóta gæti snúið þeirri þróun við og leggur til að sveitarstjórn setji allan sinn kraft til þess að svo gæti orðið. Að okkar mati ætti Bakkafjörður að skilgreinast sem Brothætt byggð og ætti að fá þá aðstoð sem slík skilgreining kallar á hjá Byggðastofnun.

23. Erindi frá U-listanum, 6 mán. aðaluppgjör-hafnarsjóður. Óskum eftir nánari upplýsingum um 6 mánaða uppgjör og sérstaklega hafnarsjóð. Óskum eftir ítarefni og niðurbrot á kostnaði eftir málaflokkum og deildum.

Bókun meirihluta: Vísað er til liðar 5 hér að framan um rekstur hafnarsjóðs. Einnig hafa sveitarstjórnarmenn fengið send fundargögn þess fundar sem þar er til umfjöllunar.

Umbeðnar upplýsingar um aðaluppgjör hafnarsjóðs eru til staðar á skrifstofu Langanesbyggðar og eru þar aðgengileg fyrir kjörna fulltrúa í sveitarstjórn til skoðunar.

Meirihluti sveitarstjórnar vill benda fulltrúum U-lista á að mögulegt er að senda erindi sambærileg þeim sem eru hér að ofan og þeim sem fram komu frá U-lista á síðasta fundi á skrifstofu sveitarfélagsins og fá við þeim svör þar. Í framhaldi af svörum og upplýsingum frá skrifstofu sé tilefni til að greina hvort erindi þjóni tilætluðum tilgangi á sveitarstjórnarfundi.

U-listinn biður um fundarhlé 19:20. Fundarhlé veitt.

Fundur settur aftur kl. 19:23.

Bókun U-lista: U-listinn óskaði skriflega eftir gögnum þann 17. ágúst síðastliðinn sem aldrei kom svar við. Samkvæmt samþykktum sveitarfélagsins er það réttur sveitarstjórnarmanna að fá gögn afhent innan 5 daga frá því að þeirra er óskað. Teljum við það einnig okkar rétt að fá að koma með fyrirspurnir inn á fund sveitarstjórnar.

Oddviti tekur fundarhlé kl. 19:24.

Fundur settur aftur kl. 19:30

Fundargerð upplesin og samþykkt samhljóða

Fundi slitið kl 19:54.